

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt er þinglýsing skilmálabreytinga á verðtryggðum fasteignaveðlánnum vegna greiðslujöfnunar samkvæmt lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, undanþegin þinglýsingargjaldi.

2. gr.

Á eftir orðunum „Leyfi til“ í 20. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: leikskólakennara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 15. tölul. orðast svo: Innheimtuleyfi, sbr. 15. gr. laga nr. 95/2008 . . . . . 55.000 kr.
- b. 18. tölul. orðast svo: Endurnýjun leyfis skv. 15. og 17. tölul. . . . . 5.500 kr.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrir afritun og afhendingu gagna með rafrænum hætti skal greiða 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*